

Díanna Omel Svavars

4. júní 2020

Viðtal tekið fyrir verkefnið Fjaðrafok

Spyrlar: Felix Bergsson og Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Upptaka: Friðrik Friðriksson

Digital 4K

© Krumma films ehf.

*F: Já, ég ætla að biðja þig að kynna þig og segja hvað þú gerir.*

Díanna Omel Svavars, hvað á ég að segja, þúsundþjallasmiður, alt muligt.

*F: Skemmtilegt. Heyrðu fyrst, hvenær tókstu fyrst þátt og gekkst í dragi?*

Í fyrstu göngunni, bara strax.

*F: Settu svarið inn í.*

Já, í fyrstu göngunni strax tók ég þátt í dragi og hef alltaf verið með atriði síðan, annað hvort drag eða eitthvert annað listform allavega.

*F: Og hvernig var það í fyrstu göngunni? Lýstu því.*

Það var æðislegt. Það, mér fannst sko maður bjóst ekki við neinu fólki. Og bara þessar hræður sem mættu, þetta var svo, manni fannst maður svo velkominn, sem að hafði ekki verið mikið. Ég náttúrulega kem að norðan og maður var ekkert voðalega velkominn þar kannski. Ekki sama tilfinning.

*F: En hvað atriði varstu með í þessari fyrstu göngu?*

Það man andskotinn. Ég held að ég eigi ekki einu sinni mynd af því. Ég og Míó, Skjaldan, við dressuðum okkur upp í eitthvað, hvort það var tengt Höfuðleðri eða BDSM samtökunum ég man það ekki, eitthvað svoleiðis minnir mig.

*F: Alla leið í fyrstu göngunni.*

Já, já, já, já alltaf.

*F: Þessi drottningarígur sem þú kallar, geturðu talað aðeins um það?*

*Fjaðrafok*

Já, hvað þarna, ég flyt suður 1997 og kem úr umhverfi sem var ekkert voðalega fordómalaust, Akureyri. Og ég kem hingað í sem sagt frekar fordómalaust umhverfi að mér fannst sko á 22 þangað til maður fór að kynnst þessum hommum, köllum þá straighthomma og félagsfræðilesbíur sem eru fæddar svona '82 - '86 cirka, lið sem að er aðeins yngra en ég. Og hérna það voru bara svo rosalegir fordómar frá þessu gay fólki í garð drottninga og trans. Og trans bara, já ekki til í þeirra augum. Þú varst bara bi eða gay það var ekkert annað í boði.

*F: Og upplifðiru þetta í göngunni eitthvað?*

Sko ég upplifi þetta ekki í fyrstu göngunum, alls ekki, en þegar gangan fer að verða svona meira pólitískt rétthugsuð, sem að gerist þarna hvenær, svona upp úr 2008 - 2009 sirka, þá finnst mér hún vera farin að verða of sugar coated, of mikil vanilla, þá fara fordómar gagnvart drottningunum að sem sagt sýna sig mjög mikið. Við máttum helst bara sjást á næturlúbbum og við vorum orðin of mikið fyrir þetta og þetta var orðið svo fjölskylduvænt og það mátti nú ekki móðga þennan það mátti nú ekki gera hitt og dálítið erfitt því að ég er offensive queen þannig að, mjög erfitt að móðga ekki.

*F: Já.*

*H: Hvað gerir offensive queen?*

*F: Hvað gerir offensive queen?*

Hún bara móðgar fólk hægri vinstri, pikkar á öllum lýtum og smáatriðum sem að hægt er að níðast á. En gerir náttúrulega mest grín að sjálfri sér.

*F: En hvernig lýsti þetta sér? Hvernig upplifðiru þessa fordóma innan úr gay samfélaginu?*

Sko bara, manni var ekki heilsað t.d. Eldra liðið sko, sem var eldra lið þá, eru kannski á sama aldri og ég er núna eða voru þá, ég segi alltaf gamla liðið sem að ættleiddi mig á 22, Ingi Rafn og Anna Kata og Móði og allt þetta gangi. Guðmundur Karl og svo allt þeirra fólk eins og Inga Sólveig og fleiri, þetta er gamla liðið mitt, var gamla fólkið þá sko, þau voru yndisleg, en þegar maður fór í þetta fólk sem var á aldri við mig og aðeins yngra þá bara, manni var ekki heilsað, já þetta voru bara hálfgerðir eineltistilburðir gagnvart drottningum fannst mér. Og við eiginlega fundum allar

*Fjaðrafok*

fyrir þessu en mér fannst þetta sérstaklega áberandi á mér ég veit ekki út af hverju. En ég var náttúrulega mikið í blöðum á þessum tíma og mikið slúður og mikið milli tannanna á fólki. Við vorum þarna nokkur sem að vorum kölluð þotuliðið, ég og Rósa Spotlight, Skjöldur, Georg, Venus og fleiri þannig að við lentum dálítið mikið á milli tannanna á fólki.

*F: Já. Hvað svona í þínum huga er besta pride-ið? Eða besta Gleðigangan?*

Oh. Minnir að það sé 2010. Þegar ég var með þarna 25 kílóa englavængi, fékk brunasár í handarkrikana. Fyrir mér er þetta bara í rauninni síðasta Gay Pride. Eftir þetta hefur þetta bara verið ullarvettlingur. Meira og minna. Þetta er, ég tek alltaf þátt, þetta er bara, ég á að gera það og þetta er, þarna á ég að sjást alltaf árlega en ég er alltaf að verða þreyttari og þreyttari og ég er hætt að horfa á atriðin nema ég sé að taka þátt í þeim á stóra sviðinu. Ég er bara farin á kaffihús strax eftir göngu eða eitthvert garðpartí. Mér finnst þetta orðið hérna, þetta er orðið of gelt fyrir minn smekk.

*F: En hvað hefur þetta samt gert fyrir okkur? Hvað hefur Gleðigangan gert fyrir okkur?*

Það sem að Gleðigangan hefur gert fyrir okkur er náttúrulega rosalega mikið. Við erum búin að fá ótrúleg réttindi og fleira. Fordómar hafa minnkað mikið en það sem ég sé er að þeir eru að aukast aftur en það gerist náttúrulega oft í kreppu, kreppuástöndum, og þegar svona hægrisinna verður mikið við völd þá eru minnihlutar alltaf að lenda meira og meira í því. Og mér finnst áberandi núna sko hvað fordómarnir eru meira frá yngra fólki heldur en kannski miðaldra og eldra. Það er að aukast, það er aftur orðið skammaryrði, sko núna er faggi nýjasta skammarorðið sem var hommi þegar við vorum, sem sagt hommi og lessa, núna er það faggi og eitthvað allt svona vertu ekki svona mikill faggi. Það er alveg hræðilegt að vera kallaður faggi. Við þurfum að breyta því, við þurfum að ættleiða það orð aftur.

*F: Taka það inn í okkar. Algjörlega.*

*(Ljósavesen)*

*F: Geturðu talað um hvað gangan hefur gert fyrir trans samfélagið sérstaklega?*

Bara allt. Það sem gangan hefur gert fyrir transsamfélagið er allt. Það bara, við vorum ekki til. Við vorum ekki einu sinni breyta í dæminu, það bara við vorum ekki til og skiptum engu máli. Þannig að sko þegar sú vinna, trans og tvíkynhneigð voru tekin undir hinseginregnhlífina í Samtökunum, það gerði rosalega mikið. Fór seint af, eða sko hægt af stað en hérna er búið að gera heilmikið. Þó að það sé margt eftir þá er bara komin ótrúleg breyting.

*F: Þú saknar ekki stráka og stelpuballanna?*

Sakna og sakna ekki. Ég man ekki hvort það var 2005 eða 2006 þá var mér meinuð aðganga að stelpuballinu og mér var vísað út af strákaballinu (*hlær*) þannig að ég veit nú ekki alveg hvort ég sakni þessara balla en mér fannst alltaf gaman á gömlu NASA böllunum. En eftir, eftir hvað 2010, þá fer ég á stelpuböllin eiginlega eingöngu. Ég var alltaf á stelpuböllunum.

*F: Og er farið að hleypa þér inn á stelpuböllin?*

Það var gert þá já, fóru að hleypa mér inn á stelpuböllin seinna meir. Ég held nú að þessar eldri lesbíur þá, vinkonur mínar, létu í sér heyra þær voru svo móðgaðar að mér væri vísað frá.

*F: Þannig að gay samfélagið líka er að læra.*

Gay samfélagið er að læra heilmikið en það eru ótrúlegir for, hvað á maður að segja, við erum öll bítandi hvert annað í bakið, virðist vera. Trönsur þola ekki lessur, lessur þola ekki homma og hommar þola ekki drottningar (*hlær*), drottningar þola ekki bangsa, ég meina ah. Og já, þetta er, svona oftast er þetta skemmtilegur rígur en verður stundum dálítið leiðinlegur eða svona of langt.

*F: Þú segir að Gleðigangan sé orðin svolítið steríl eða þér finnst hún orðin steríl...*

Já hún er mjög steríl.

*F: En sérðu einhverja framtíð fyrir hana?*

*Fjaðrafok*

Sko Gleðigangan held ég að sé algerlega komin til að vera. Og á að vera áfram. En það mætti aðeins fara að poppa hana upp. Þessi pólitíski rétttrúnaður er óþarflegur hvítþvottur. Hún er orðin of hrein fyrir minn smekk. Það vantar ounpf-ið í hana sem að var. Fínt að taka nokkur svoleiðis ár og nauðsynlegt að hafa pólitík og annað inni í því, En við verðum að halda áfram að hneyksla og minna á okkur. Við erum bara orðin eins en við erum ekki eins þó að við viljum meina það. Það er annar kúltúr hjá okkur, það er önnur menning og við eigum að halda því á lofti ekki reyna að samlaga okkur þessu straight samfélagi, sem hefur verið rosalega áberandi meðal homma og lesbía undanfarin ár.

*F: Vantar fleiri andstyggilegar drottningar?*

Segðu. Andstyggilegar drottningar og vonða kónga, bitrar lesbíur og súra bangsa (*hlær*).

*F: Frábært! Er það ekki bara?*